



Lúxemborg, 15. mars 2002

Fréttatilkynning 03/02

Dómur í máli E-9/00 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi*

Mismunandi reglur um bjór og aðra áfenga drykki í Noregi

Í dómi sem kveðinn var upp í dag taldi EFTA-dómstóllinn að Noregur hefði brotið gegn EES-samningnum með reglum sem gilda þar um smásölu á bjór annars vegar og annarra áfengra drykkja með sama áfengisinnihaldi hins vegar. Talið var að reglur sem heimila sölu bjórs með alkóhólinnihald á bilinu 2,5% - 4,75%, sem að mestu er framleiddur innanlands, utan sölubúða áfengiseinkasölnnar, á meðan aðrir drykkir, sem hafa sama alkóhólinnihald og sem framleiddir eru að mestu í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins, verða aðeins seldir í sölubúðum áfengiseinkasölnnar, fælu í sér brot gegn 16. gr. EES-samningsins. Þá var enn fremur talið að reglur um útgáfu veitingaleyfa til að selja bjór af framangreindum styrkleika, á meðan aðrir drykkir með sama alkóhólstyrkleika falla ekki undir slíkt leyfi, fælu í sér brot á 11. gr. samningsins. Það var Eftirlitsstofnun EFTA sem höfðaði málið gegn Noregi.

EFTA-dómstóllinn féllst á að þau sjónarmið sem búa að baki áfengislöggjöfni í Noregi væru mikilvæg og alvarleg. Í EES-samningnum væri ekki að finna ákvæði sem takmörkuðu rétt samningsríkjanna til að móta eigin stefnu í áfengismálum. Á hinn bóginn yrðu slíkar reglur að vera innan ramma EES-samningsins. Lögfestingu reglnanna og framkvæmd þeirra yrði að haga þannig að hún væri ekki í andstöðu við 11. gr. EES-samningsins um frjálsa vöruflutninga, og 16. gr. sem mæli fyrir um að ríkiseinkasölur megi ekki mismuna innlendri framleiðsluvöru og framleiðsluvöru frá öðrum EES-ríkjum.

Noregur hélt því fram í málinu að reglur um smásölu og veitingasölu væri unnt að réttlæta með vísan til þess að vernda þyrfti almennt heilbrigði, en þó einkum þess að stemma þyrfti stigu við aukinni neyslu áfengis meðal ungs fólks og almennt við misnotkun áfengis. Þótt óumdeilt væri í málinu að óhófleg áfengisneysla gæti valdið heilsutjóni og öðrum félagslegum vandamálum, og að tengsl væru milli aðgengis að áfengi og skaðlegra áhrifa áfengisneyslu, taldi EFTA-dómstóllinn að Noregur hefði ekki sýnt fram á að skilyrði fyrir því að réttlæta mætti framangreinda mismunun með vísan til þessara sjónarmiða væru uppfyllt. Mismunun milli bjórs og annarra áfengra drykkja af sama alkóhólstyrkleika væri hvorki viðeigandi né hæfileg ráðstöfun í þessu skyni. Taldi dómurinn að grípa mætti til ráðstafana til verndar lífi og heilbrigði manna, ef þessar ráðstafanir tækju, bæði að lögum og í reynd, jafnt til bjórs sem annarra áfengra drykkja með sama alkóhólstyrkleika.

Dóminn í heild er að finna á íslensku og ensku á vefsíðunni: www.efta.int.

EFTA-dómstóllinn skipa dómarnir Þór Vilhjálmsson (forseti), Carl Baudenbacher og Per Tresselt.

Hér er um að ræða fréttatilkynningu. Aðeins dómurinn sjálfur gildir.